

Inngangur	2
Um innra mat skólans	2
Gæðaviðmið grunnskóla	2
Langtímaáætlun innra mats (til 5 ára)	3
Áætlun um innramat fyrir skólaárið 2025 - 2026	6
Greinargerð um innra mat	9
Líðan nemenda	9
Umsagnabækur	9
Skólapúls	10
Viðhorfskannanir skóla fyrir nemendur	11
Námsárangur	12
Lesfimi	12
Matsferill - Lesskilnings- og stærðfræðipróf í 4. - 7. bekk	13
Lesmál	13
Viðhorf og líðan starfsmanna	14
Starfsþróunarsamtöl	14
Viðhorfskönnun starfsmanna	14
Fagumhverfiskönnun	15
Viðhorf foreldra	16
Viðhorfskönnun foreldra frá Skóla- og frístundasviði	16
Gæðaviðmið Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu fyrir grunnskóla	17
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu (kafla 1.3)	17
Skipulag náms (kafla 2.4)	18
Menntastefna Reykjavíkur	19
Félagsfærni	19
Umbótaáætlun Ártúnsskóla fyrir skólaárið 2026 - 2027	20

Inngangur

Kerfisbundið innra mat er einn af hornsteinum faglegrar skólaþróunar og gæðastjórnunar í grunnskólum. Markmið þess er að rýna skipulega í eigin starfsemi með virkri þátttöku nemenda, foreldra og starfsfólks og bera niðurstöðurnar saman við opinber gæðaviðmið og markmið aðalnámskrár. Innra matið virkar bæði sem dýrmætur spegill á yfirstandandi starf og sem áttaviti fyrir framtíðina. Það tryggir að ákvarðanir um umbætur, kennsluhætti og skólabrag séu teknar á grundvelli áreiðanlegra gagna, með það að leiðarljósi að hámarka vellíðan, öryggi og námsárangur allra nemenda.

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir innra mati skólans fyrir skólaárið 2025-2026. Hér er sett fram langtímaáætlun til 5 ára, áætlun fyrir skólaárið, mat lagt á matsþætti skólaársins og sjónum beint að þeim þáttum sem þarfnast umbóta.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum [gæðaviðmiðum um skólastarf](#), [menntastefnu Reykjavíkurborgar](#), [leiðsagnarnámi](#) og áherslum skólans.

Fagmennskuteymi um innra mat leiðir verkefnið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd matsins, rýnir í niðurstöður og þeir þættir sem krefjast umbóta fara í umbótaáætlun. Í fagmennskuteyminu eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og þrjú kennarar og teymið fundar að meðaltali tvisvar sinnum í mánuði.

Gæðaviðmið grunnskóla

Gæðaviðmið grunnskóla liggja til grundvallar í hluta af sjálfsmati skólans. Gæðaviðmiðin eru sett upp í langtímaáætlun til fimm ára og út frá henni er sett fram áætlun fyrir skólaárið. Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á matsfundum með fagmennskuteymi sem fara þannig fram að þátttakendur ígrunda út frá viðeigandi gögnum og koma sér saman um niðurstöðu. Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun.

Langtímaáætlun innra mats (til 5 ára)

Langtímaáætlun er sett fram til fimm ára í senn. Hún tekur til námsárangurs nemenda og líðan. Jafnframt tekur hún til viðhorfs starfsmanna, foreldra og foreldrasamstarfs. Einnig er unnið út frá áherslum í menntastefnu Reykjavíkur sem eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áhersluþáttunum er metin með gátlistum menntastefnu og gæðaviðmiðum Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu á matsfundum með starfsfólki og/eða fagmennskuteymi skólans.

Langtímaáætlun innra mats						
	Eldra	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Námsárangur nemenda						
Lesfímipróf 1.-7. bekkur		X	X	X	X	X
Matsferill		X	X	X	X	X
Lesskimun 1. bekkur		X	X	X	X	X
Orðarún 3.-7. bekkur		X				
Lesmál 2. bekkur		X	X	X	X	X
Milli mála		X	X	X	X	X
Logos (lestrargreining)		X	X	X	X	X
Aston index 2. - 7. bekkur		X	X	X	X	X
Stafakönnun		X	X	X	X	X
Framsagnarpróf		X	X	X	X	X
Viðhorfskannanir: Viðhorf og líðan						
Íslenska æskulýðsrannsóknin: Viðhorfskönnun nem.		X	X	X	X	X
Rannsókn og greining: Viðhorfskönnun nemenda			X		X	
Skólapúlsinn: Viðhorfskönnun nemenda		X	X	X	X	X
Starfsmannakönnun		X	X	X	X	X
Foreldrakönnun		X		X		X

Gæðaviðmið Menntamálaráðuneytis (hlekkur)	Eldra	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Stjórnun og fagleg forysta						
Samvirkni í stefnumótun				X		
Faglegt samstarf og samræða	X					X
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu		X			X	
Umbætur og innleiðing breytinga	X					
“Vinnulag verklagsreglur og áætlanir”			X		X	
Starfsmannastjórnun og verkaskipting			X			X
Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsfólks				X		X
Nám og kennsla						
Inntak og námskrá	X					X
Árangur náms	X					X
Gæði kennslu	X	X				
Skipulag náms		X			X	
Námsvitund			X			X
Ábyrg og þátttaka	X					
Menntastefna Reykjavíkur (hlekkur)	Eldra	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Félagsfærni		X				
Sjálfsþing			X			
Heilbrigði				X		
Læsi					X	
Sköpun						X
Aðrir áherslupættir skóla	Eldra	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Umferðamenning á göngunum og umhverfi			X			
Umsagnabækur		X	X	X	X	X
Starfsáætlun		X	X	X	X	X
Námsvísar		X	X	X	X	X



Skólapúlsinn		X	X	X	X	X
Viðhorfskannanir nemenda unnar af skóla		X	X	X	X	X
Niðurstöður samskiptadaga		X	X	X	X	X
Starfsþróunarsamtöl		X	X	X	X	X
Mat á starfshópum		X	X	X	X	X
Mat á þróunarverkefnum		X	X	X	X	X
Mat á símenntunaráætlun		X	X	X	X	X
Mat á byrjendalæsi		X	X	X	X	X
Mat á föstudagspóstum			X	X	X	X

Áætlun um innramat fyrir skólaárið 2025 - 2026

Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Hvenær (tímarammi)	Ábyrgð	Viðmið um árangur
<u>Gæðaviðmið</u> <u>MMS</u> Skipulag náms	Að skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða miði að jöfnum tækifærum allra nemenda	Fagmennsku-teymi í innra mati	Að hausti	Fagmennskuteymi í innra mati og skólastjórnendur	Kennsla byggir á vel uppbyggðu námsskipulagi þar sem markmið, leiðir og námsmat haldast í hendur og nemendur fá jöfn tækifæri til að ná árangri
<u>Gæðaviðmið</u> <u>MMS</u> Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Samskipti skóla við foreldra beinist að því að styrkja nám, vellíðan og farsæld nemenda í skólanum	Fagmennsku-teymi í innra mati	Vorönn	Fagmennskuteymi í innra mati og skólastjórnendur	Samskipti við foreldra einkennast af gagnkvæmri virðingu og virku upplýsingastreymi
<u>Menntastefna</u> félagsfærni	Að nemendur sýni virðingu og samkennt í samskiptum, vinni vel með öðrum og noti viðeigandi bjargráð til að leysa ágreining	Gátlisti menntastefnu Reykjavíkur í Bravo	Að vori	Skólastjórnendur	Að viðmiðin séu komin til framkvæmda að mestu.
Líðan nemenda (Íslenska æskulýðs-rannsóknin)	Að niðurstöður séu yfir meðaltali eða sambærilegar og meðaltal á landsvísu	Spurningakönnun lögð fyrir nemendur (ÍÆ)	Á skólaárinu	Skólastjórnendur	Vera fyrir ofan landsmeðaltal
Líðan og viðhorf starfsfólks	Sjá markmið um líðan starfsfólks í skólanámskrá.	Spuningakönnun til starfsfólks.	Janúar	Skólastjórnendur	Vera fyrir ofan meðaltal í Reykjavík.

Símenntunar- áætlun	Að símenntunar- áætlun nái til alls starfsfólks skólans og taki mið af áherslum skólans og menntastefnu RVK	Í starfsþróunar- samtölum	Í febrúar og mars	Skólastjórnendur	Að í símenntunaráætluninni sé endurmenntun sem höfðar til alls starfsfólks skólans.
Starfsáætlun og lögbundnar áætlanir	Að starfsáætlun uppfylli viðmið SFS og sé skilað á réttum tíma	Skóla- og frístundaráð metur starfsáætlun	Október	Skólastjórnendur	Að starfsáætlun uppfylli viðmið Skóla- og frístundasviðs.
Umsagna- bækur	Að meta líðan, hegðun og ástundun nemenda reglulega	Í rýnihópum kennara að vori	Í byrjun hvers mánuðar	Umsjónarkennarar og skólastjórnendur	Að nemendur og kennarar meti líðan, hegðun og ástundun til fyrirmyndar og í lagi.
Skólapúlsinn	Að afla upplýsinga um líðan, viðhorf og kennslu nemenda í 6. og 7. bekk	Niðurstöður rýndar af stjórnendum, námsráðgjafa og umsjónar- kennurum	Tvisvar á ári í 6. og 7. bekk	Skólastjórnendur og umsjónarkennarar	Að vera við meðaltal eða ofar en meðaltal á landsvísu.
Lesfimi	Að niðurstöður séu yfir meðaltali eða sambærilegar og meðaltal á landsvísu	Niðurstöður rýndar af stjórnendum, fagmennskuteymi í læsi og umsjónar- kennurum	September, janúar og maí	Deildarstjóri stoðþjónustu, umsjónarkennarar og sérkennarar	Að mælitala sé við meðaltal eða ofar en meðaltal á landsvísu.
Matsferill	Að niðurstöður séu yfir meðaltali eða sambærilegar og meðaltal á landsvísu	Niðurstöður rýndar af stjórnendum, sérkennurum og umsjónar- kennurum	Febrúar/mars	Skólastjórnendur	Að mælitala sé við meðaltal eða ofar en meðaltal á landsvísu.

Starfsþróunar-samtöl	Að allir starfsmenn fái tækifæri til að ígrunda starf sitt í samtali með stjórnanda	Stjórnendateymi rýnir helstu niðurstöður	Febrúar/ mars	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Að starfsmenn upplifi sig ánægða í starfi, að til þeirra séu gerðar kröfur og geti komi skoðunum sínum á framfæri.
Viðhorfskönnun starfsmanna	Að niðurstöður séu yfir meðaltali eða sambærilegar og meðaltal í Reykjavík	Niðurstöður rýndar af stjórnendum	Lögð fyrir að hausti og svör koma eftir áramót	SFS og skólastjórnendur	Vera fyrir ofan meðaltal í Reykjavík.
Viðhorfskönnun foreldra	Að niðurstöður séu yfir meðaltali eða sambærilegar og meðaltal í Reykjavík	Niðurstöður rýndar af stjórnendum og starfsmönnum	Lögð fyrir annað hvort ár	SFS	Vera fyrir ofan meðaltal í Reykjavík.
Lesmál	Að niðurstöður séu yfir meðaltali eða sambærilegar og meðaltal í Reykjavík	SFS og niðurstöður rýndar af stjórnendum	Lagt fyrir í apríl og niðurstöður koma að hausti	SFS og deildarstjóri stoðþjónustu	Vera fyrir ofan meðaltal í Reykjavík.
Byrjendalæsi	Að í skólanum sé ein aðferð í lestrarkennslu	Skólastjórnendur og leiðtogi byrjendalæsis í skólanum	Að vori	Skólastjórnendur og leiðtogi í byrjendalæsi	Að nemendur skólans séu við eða fyrir ofan meðaltal í lestri.

Greinargerð um innra mat

Í skólastarfi Ártúnsskóla er stöðug gæðapróun og umbótastarf haft að leiðarljósi. Í þessari greinargerð eru kynntar niðurstöður innra mats skólans fyrir skólaárið 2025 - 2026. Tilgangur þess er að leggja mat á gæði og árangur skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Innra matið að þessu sinni afmarkast við þrjá meginstoðir skólasamfélagsins: námsárangur og líðan nemenda, viðhorf og starfsanda starfsfólks, og afstöðu foreldra til skólastarfsins. Niðurstöðurnar byggja á fjölbreyttum gögnum, þar á meðal samræmdum mælingum og viðamiklum könnunum sem lagðar voru fyrir alla nefnda hópa. Innra mat í Ártúnsskóla er unnið jafnt og þétt yfir skólaárið og lýkur í júní.

Líðan nemenda

Umsagnabækur

Umsagnabækur í Ártúnsskóla eru notaðar kerfisbundið sem hluti af innra mati og námsmati og þær þjóna sem mikilvæg brú á milli nemenda, kennara og foreldra. Ólíkt hefðbundnu námsmati sem einblínir á námsárangur þá eru umsagnabækur Ártúnsskóla fyrst og fremst matstæki á líðan og ástundum. Nemendur meta mánaðarlega eigið vinnuframlag, líðan sína í skólanum, mætingar og samskipti við aðra. Að sama skapi þá skráir umsjónarkennari einnig mat sitt á sömu þáttum.

Umsagnabókin er nýtt í daglegu starfi og er vettvangur fyrir samtal og eftirfylgni.

- Mánaðarlegt ferli: Umsagnabækurnar eru teknar fyrir í hverjum mánuði. Við það myndast fastur og reglulegur vettvangur þar sem umsjónarkennari og nemandi setjast niður og ræða saman um framvindu í náminu, hvernig nemandanum líður og hvernig samskipti og hegðun þróast.
- Viðbrögð: Ef misræmi er á milli mats nemandans og kennarans, eða ef niðurstöðurnar sýna að nemandanum líður illa eða ástundun áfátt, bregst umsjónarkennarinn við með samtali við nemandann og hefur samband heim til foreldra ef þörf krefur.

Umsagnabækurnar eru sendar heim til foreldra mánaðarlega. Þetta tryggir að foreldrar fái reglulega og gagnsæja mynd af skólagöngu barnsins síns í stað þess að bíða eftir foreldrafundum eða vitnisburði. Umsagnabækurnar eru einnig nýttar í foreldraviðtölum til að rýna dýpra í líðan barna.

Umsagnabækurnar eru mikilvægur hlekkur í sjálfsmatsáætlun Ártúnsskóla. Með því að safna þessum gögnum saman mánaðarlega getur skólinn rýnt í heildarþróun á líðan og ástundun nemendahópsins. Þetta hjálpar stjórnendum og kennurum að sjá hvort ákveðnir árgangar þurfi meiri stuðning, t.d. vegna flókinna samskipta eða kvíða og grípa inn í með markvissum hætti svo sem með aðstoð námsráðgjafa eða lausnateymis.

Umsagnabækurnar endurspeglar einkunnarorð Ártúnsskóla: **Árangur – Virðing – Velliðan**, þar sem velliðan og sjálfsmat nemandans er sett í forgrunn til að byggja undir góðan námsárangur.

Skólapúls

Niðurstöður skólapúlsins liggja fyrir í nóvember og maí. Niðurstöðurnar voru rýndar af stjórnendum, námsráðgjafa, umsjónarkennurum og á kennarafundi auk þess sem þær voru kynntar í skólaráði. Í framhaldi var útbúin viðbragðsáætlun af námsráðgjafa. Hann tók viðtöl við alla nemendur í 6. og 7. bekk og lögð var fyrir rafræn könnun eftir áramót í 6. og 7. bekk þar sem spurt var m.a. um líðan og félagstengsl. Niðurstöður í heild má sjá á heimasíðu skólans.

Helstu áskoranir:

- Ánægja með skólamatinn

Einungis 29,7% nemenda telja matinn í skólanum vera „oftast góðan eða frekar góðan“. Þetta er lágt hlutfall í samanburði við landsmeðaltalið (45,0%) og endurspeglar verulega lækkun frá fyrra ári þegar ánægjan var 46,3%. Spurt var um matinn í viðhorfskönnun sem var lögð fyrir síðar á árinu sem sýndi ekki sömu svörun. Þar óskuðu nemendur eftir að fá rétti eins og hamborgara, pizzur og sushi sem er ekki valkostur eða æskilegt að sé oft í boði.

- Ánægja af náttúrufræði

Ánægjan mælist 4,1 sem er undir landsmeðaltalinu (4,6). Ánægja nemenda af þessari námsgrein hefur farið jafnt og þétt lækkandi undanfarin ár. Frá og með næsta skólaári verður kennsla í náttúrufræði ígrunduð og búið er að skrá kennara á námskeið í kennslu í náttúrufræði.

Styrkleikar:

- Trú á eigin námsgetu Nemendur mælast með háa einkunn eða 5,7 (hækkar úr 5,3) á meðan landsmeðaltalið er 4,9. Nemendur hafa mikla trú á eigin getu til að læra.
- Þrautseigja í námi sýnir góða hækkun á milli ára, fer úr 4,6 upp í 5,3 (landsmeðaltal er 4,6). Nemendur leggja sig fram og gefast síður upp þegar verkefni verða erfið.
- Snjallsímaleysi. Mun færri nemendur eru með snjallsíma á skólatíma (59,0%) miðað við landið í heild (73,3%).
- Agi í tímum Mælist góður eða 6,0 (landsmeðaltal 4,9), sem sýnir góðan vinnufrið.
- Samsömun við barna hópinn kemur vel út í 5,5 (landsmeðaltal 4,9), sem þýðir að nemendum finnst þeir tilheyra og líður almennt vel í skólanum.
- Líðan og vellíðan, sjálfsálit nemenda hækkar í 5,0 (landið: 4,4) og almenn vellíðan mælist í 4,9 (landið: 4,6), sem gefur til kynna sterka andlega heilsu nemendahópsins í heild.

Sóknarfæri:

- Tíðni eineltis. Tíðni eineltis mælist 15,2%. Þó það sé lækkun frá fyrra ári (21,7%) er það enn talsvert hærra en skólaárið 2022–23 þegar einelti mældist einungis 6,7% í skólanum.
- 75,0% nemenda telja að kennarar og starfsfólk séu góð í að stöðva stríðni og einelti (sem er betra en á landsvísu, 62,5%). Hér liggur tækifæri til að nýta þetta traust nemenda til að vinna eineltistíðnina enn lengra niður.
- Áhugi á stærðfræði. Áhugi á greininni lækkaði úr 5,3 niður í 4,8 á milli ára. Skólinn stendur nánast jafnt og landsmeðaltalið (4,7), en sóknarfærið felst í því að snúa þessari neikvæðu þróun við og kveikja aftur meiri áhuga.

Viðhorfskannanir skóla fyrir nemendur

Lagðar voru fyrir nemendakannanir, annars vegar 1. - 4. bekk og hins vegar 5. - 7. bekk.

Almenn vellíðan og öryggi mælist hátt í öllum árgöngum skólans:

- Almenn líðan: Á yngsta stigi segjast 97,5% nemenda líða „vel“ eða „oftast vel“ í skólanum. Á miðstigi (5.–7. bekk) er hlutfallið svipað eða 96,4% (50,9% vel og 45,5% oftast vel).
- Stuðningur fullorðinna: Nemendur upplifa öryggi og traust til starfsfólks. Í 1.–4. bekk svara 74,4% því játandi að hafa einhvern fullorðinn til að tala við þegar á þarf að halda og það hlutfall helst stöðugt á miðstigi þar sem 61,8% svara „já“ og tæp 33% svara „veit það ekki“ (aðeins örfáir svara „nei“).
- Uppbrotisdagar: Sameiginlegir uppbrotisdagar (t.d. öskudagur og íþróttadagur) mælast mjög vel í öllum hópum; 70,5% í 1.–4. bekk og 65,5% í 5.–7. bekk finnst þeir skemmtilegir.

Hvernig nemendum líður utan kennslustofunnar sýnir ákveðinn mun á milli aldurshópa:

- Líðan í frímínútum: Í 1.–4. bekk líður 76,9% nemenda alltaf vel í frímínútum og 61,5% eiga alltaf einhvern til að leika við. Í 5.–7. bekk líður 65,5% vel í frímínútum en færri eiga alltaf féлага eða 38,2% (en 54,5% eiga oftast féлага).
- Ánægja með skólalóðina: Yngri nemendur eru marktækt ánægðari með skólalóðina en þeir eldri; 70,5% í 1.–4. bekk finnst hún skemmtileg á meðan aðeins 44,4% í 5.–7. bekk finnst hún skemmtileg og 53,7% segja hana vera „í lagi“.

Bókasafn og lestur

- Bókasafnið: Bókasafn Ártúnsskóla fær jákvæða útnefningu hjá yngri hópnum þar sem 91% segja það hafa gott úrval bóka. Á miðstigi lækkar þessi ánægja niður í 37% (en 50% segja það „allt í lagi“). Þetta bendir til þess að eldri nemendur kalli eftir öðruvísi eða nýstárlegra lesefni.
- Lestraránægja: Í 1.–4. bekk segjast 59% nemenda finnast gaman að lesa, en hlutfallið lækkar á miðstigi þar sem 37% finnst það gaman en 27,3% finnst það ekki gaman.

Samverur

- Föstudagssamverurnar mælast betur hjá yngri nemendum en þeim eldri. 65,4% í 1.–4. bekk finnst þær skemmtilegar en hlutfallið fer niður í 34,5% hjá 5.–7. bekk, þar sem tæp 49% finnst þær eingöngu vera „í lagi“.

Matur


Maturinn er sá þáttur sem nemendur á öllum aldri eru einna óánægðastir með, en óánægjan eykst eftir því sem nemendur eldast:

- Aðeins 15,6% finnst maturinn oftast góður í 1. - 4. bekk, 42,9% segja hann „stundum góðan“ og 35,1% segja hann „ekki góðan“.
- Í 5. – 7. bekk eru það 37% nemenda sem segja að maturinn sé „ekki góður“.
- Óskir nemenda: Í opnum svörum kalla nemendur eindregið eftir réttum eins og pítsu, pítum, taco, kjúklinganöggum, pasta og sushi. Einnig kom sterk ábending frá miðstigi um að fá egg á salatbarinn.

Námsárangur

Lesfimi


Lesfimiþróf Miðstöðvar menntunar og skólabjónustu eru stöðluð stöðu- og framvindupróf sem eru lögð fyrir grunnskólanemendur á Íslandi og eru lögð fyrir þrisvar á ári. Prófin eru einstaklingspróf. Prófin eru mikilvægur liður í svokölluðum matsferli, sem er stafrænt viðmót og gagnagrunnur sem heldur utan um lestrarupplýsingar barna. Prófin meta sérstaklega tvo þætti lestrar sem eru sjálfvirkni (hraða) hversu greiðlega nemandinn þekkir orð og les orð úr texta og lestrarnákvæmni þ.e. hversu rétt nemandinn les orðin. Góð lesfimi er brúin yfir í lesskilning og þegar lestur er orðinn sjálfvirkur og nákvæmur er auðveldara að lesa sér til skilnings.




Lesfimi niðurstöður frá september 2025

Lesfimi janúar 2026

Landsmeðaltal



Landsmeðaltal



Lesfimi niðurstöður frá janúar mánuði

Lesfimi niðurstöður frá maí mánuði

Niðurstöður í lesfimi eru eftir hverja fyrirlögn rýndar af umsjónarkennurum, sérkennurum og stjórnendum og kynntar í skólaráði og á kennarafundi. Út frá niðurstöðum er brugðist við með inngrípum svo sem auknum stuðningi, sérkennslu, lestrarskimunum og einstaklingsáætlunum eftir þörfum.

Matsferill - Lesskilnings- og stærðfræðipróf í 4. - 7. bekk

Í marsmánuði í ár hóf Miðstöð menntunar og skólajónustu (MMS) að leggja fyrir svo kölluð matsferilspróf í lesskilningi og stærðfræði.

- **Lesskilningspróf:** Meta hæfnina til að túlka texta, draga ályktanir, skilja samhengi og lesa á milli lína. Prófin sýna kennurum hvort vandi nemanda liggi í tæknilegum lestri eða sjálfum skilningnum, sem auðveldar markviss inn grip/íhlutun.
- **Stærðfræðipróf:** Greina færni nemenda í rökhusun og talnalæsi, þar á meðal í reikniáðgerðum, rúmfræði og þrautalausnum. Prófin nýtast sem greiningartæki til að sjá nákvæmlega hvar styrkleikar og veikleikar barnsins liggja.

Niðurstöðurnar færast sjálfkrafa inn í viðmót matsferils. Það gerir kennurum kleift að fylgjast með tengslum á milli námsgreina, skipuleggja einstaklingsmiðað nám og stuðningskennslu, og upplýsa foreldra með skýrum hætti um námslega stöðu og framfarir nemandans.


Niðurstöður í matsferli eru birtar í mælitölu á kvarðanum 1-19 þar sem mælitalan 10 er alltaf landsmeðaltal. Mælitala lýsir því hvar nemandi er staddur í samanburði við jafnaldra. Nemendur með hærri mælitölu eru þá yfir landsmeðaltali og nemendur með lægri mælitölu eru fyrir neðan landsmeðaltal. Tölurnar lýsa því hversu langt frá landsmeðaltali nemandi er. Skólinn fær meðaltals mælitölu fyrir hvern árgang.

Í Ártúnsskóla voru prófin lögð fyrir í 4. - 7. bekk og niðurstöður voru með þessum hætti.

4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
Lesskilningur - mælitala 11	Lesskilningur - mælitala 9	Lesskilningur - mælitala 12	Lesskilningur - mælitala 11
Stærðfræði - mælitala 12	Stærðfræði - mælitala 11	Stærðfræði - mælitala 13	Stærðfræði - mælitala 10

Lesmál

Niðurstöður á fyrirlögn Lesmáls í 2. bekk voru kunngjörðar í september. Niðurstöður voru ánægjulegar fyrir skólann, 88% nemenda í 2. bekk skólans hafa náð aldursvarandi hæfni á móti 68% nemenda í Reykjavík. Ekkert barn í bekknum þurfti á einstaklingsáætlun að halda.



Viðhorf og líðan starfsmanna

Starfsþróunarsamtöl


Starfsþróunarsamtal er reglulegur og formlegur vettvangur þar sem stjórnandi og starfsmaður setjast niður í einlægu samtali um líðan í starfi, árangur og framtíðarsýn. Í lifandi og krefjandi umhverfi grunnskólans er samtalið dýrmætt tæki til að samþætta markmið skólans og persónuleg markmið hvers starfsmanns. Starfsþróunarsamtöl fóru fram í febrúar og mars og gengu vel. Eins og sjá má í viðhorfskönnun starfsmanna hér fyrir neðan eru starfsmenn skólans ánægðir í starfi. Engin starfsmaður lét af störfum í lok skólaársins og því stöðugleiki í starfsmannahópnum.

Snerpusamtöl skólastjórnenda og kennara fóru fram í ágúst og september og þar var sjónum beint að skólabyrjuninni og áskorunum og tækifærum í kennslu. Snerpusamtölin gefa stjórnendum og kennurum ákjósanlegt tækifæri til að fara yfir og ígrunda saman verkefni og kennsluhætti sem eru framundan á skólaárinu.

Viðhorfskönnun starfsmanna

Viðhorfskönnun starfsmanna hjá Reykjavíkurborg „Stofnun ársins 2025“ fyrir Ártúnsskóla var lögð fyrir í haustið 2025.

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við Reykjavíkurborg og starfsstöðvar á sama sviði



Helstu styrkleikar

Ártúnsskóli stendur vel að vígi í flestum mælipáttum sem lúta að stjórnun, starfsanda og almennri ánægju.

Helstu styrkleikar eru:

- **Framúrskarandi stjórnun:** Þátturinn stjórnun fær mjög háa einkunn eða 4,62. Starfsfólk upplifir að það ríki traust og stuðningur; hæsta einstaka spurningin í allri könnuninni er „Ég get leitað til næsta yfirmanns míns ef ég þarf á því að halda“ (4,83). Þá fær sanngirnir næsta yfirmanns (4,78) og sú upplifun að yfirmaður virði starfsfólkið mikils (4,74) sömuleiðis góða einkunn.

- **Ánægja og stolt í starfi:** Starfsfólk er almennt mjög stolt og ánægt á vinnustaðnum. Einkunnin fyrir ánægju og stolt er 4,64, og fullyrðingin „Ég er stolt(ur) af starfsstaðnum sem ég starfa hjá“ fær einkunnina 4,74. Almenn starfsánægja fær 4,70.
- **Góður starfsandi og jafnrétti:** Bæði starfsandi (4,59) og jafnrétti (4,59) skora hátt, sem sýnir að vinnustaðamenningin er heilbrigð og jákvæð.
- **Jákvæð ímynd og traust:** Þátturinn ímynd hækkaði talsvert á milli ára (+0,20) og stendur nú í 4,58. Þá mælist aukning í því að umræða um starfsstaðinn sé jákvæð úti í samfélaginu (+0,24) og að starfsstaðurinn teljist traustur (+0,21).
- **Góð þróun heildarmats:** Heildarmat skólans hefur farið jafnt og þétt hækkandi síðustu ár (úr 4,13 árið 2022 í 4,34 árið 2025) og er yfir meðaltali grunnskóla á svæðinu.

Helstu sóknarfæri

Þótt skólinn mælist mjög ofarlega í flestum þáttum, má finna ákveðin tækifæri til úrbóta einkum hvað varðar starfsumhverfi og ákveðna innri þætti:

- **Hljóðvist og vinnuskilyrði:** Þótt þátturinn vinnuskilyrði í heild sinni sé í ágætum málum (3,98), þá er spurningin um ánægju með hljóðvist (hljóð í rýminu) ein af lægstu einkunnum könnunarinnar með 3,65.
- **Sveigjanleiki varðandi leyfi:** Fullyrðingin „Ég á auðvelt með að taka sumarfrí/önnur frí á þeim tíma sem mér hentar“ er sömuleiðis á lista yfir fimm lægstu einkunnirnar með 3,78. Þó ber að halda til haga að þetta skýrist oft á eðli skólastarfs þar sem orlof er bundið við skólalagatal.
- **Matar- og kaffiaðstaða:** Það kemur fram að ánægja með matar- og kaffiaðstöðu mælist neikvæð um -0,32. Þetta gefur til kynna að starfsfólki finnist sú aðstaða mega vera betri miðað við aðra sambærilega staði.
- **Launakjör:** Eins og á flestum opinberum starfsstöðum er þátturinn launakjör sá lægsti í könnuninni (2,85).

Fagumhverfiskönnun

Fagumhverfiskönnun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2026 fyrir grunnskólahluta Ártúnsskóla var lögð fyrir að vori. Í þessari könnun er rýnt sérstaklega í faglega getu, stuðning, verkferla og starfsþróun og eru niðurstöðurnar bornar saman við meðaltal allra grunnskóla í borginni. Hér er samantekt á helstu niðurstöðum.

Helstu styrkleikar

Ártúnsskóli mælist á mörgum sviðum yfir eða vel yfir meðaltali grunnskóla í Reykjavík, sérstaklega þegar kemur að innri hæfni starfsfólks, stuðningi og stjórnun:

- **Stuðningur við starfsfólk:** Starfsfólk Ártúnsskóla upplifir meiri stuðning og leiðbeiningar til að sinna starfi sínu vel en gengur og gerist. Ártúnsskóli fær hér einkunnina 4,28 á meðan meðaltal grunnskóla í borginni er 3,79.
- **Fagleg hæfni:** Starfsfólk skólans telur sig hafa góða hæfni til að sinna daglegu starfi með nemendum. Einkunnir eru háar og yfir borgarmeðaltali þegar kemur að því að:
 - Hjálpa börnum að efla sjálfstraust sitt (4,42 vs. 4,26).
 - Styðja við og leysa deilur í barnahópnum (4,42 vs. 4,04).
 - Ýta undir félags- og tilfinningafærni barna (4,42 vs. 4,04).
- **Góður undirbúningur í bekkjarstjórnun og samskiptum:** Kennarar telja sig vel undirbúna undir bekkjarstjórnun og stjórnun í kennslustofunni. Þeir telja sig einnig vel undir það búna að styðja við jákvæð samskipti og hegðun barna.



- **Farsæld barna:** Innleiðing á lögum um farsæld barna virðist ganga vel í skólanum. Starfsfólk þekkir fyrsta stigs farsældarþjónustu betur en aðrir skólar og svarendur segja verkferlana vera sýnilega og aðgengilega. Auk þess vita nánast allir hver er tengiliður farsældar í skólanum.
- **Gagnlegt lausnateymi:** Af þeim sem vita af lausnateymi skólans hafa margir nýtt sér það og allir sem það gerðu telja aðstoðina hafa verið góða eða ásættanlega.
- **Jákvæð endurgjöf:** Af þeim kennurum sem fengu endurgjöf telja nánast allir að hún hafi haft jákvæð áhrif á kennsluáferðir þeirra.

Helstu sóknarfæri

Þótt faglega umhverfið sé sterkt, sýnir könnunin ákveðin tækifæri til bóta, einkum tengt kennslu í fjölbreyttum hópum og stafrænni tækni, sem og áherslum á starfsþróun:

- **Stafræn tækni og gervigreind:** Starfsfólk Ártúnsskóla metur getu sína til að efla færni barna í notkun stafrænnar tækni nokkuð lægri en meðaltal grunnskóla (3,35 vs. 3,55). Þetta helst í hendur við að mikil eða nokkur þörf er sögð vera á starfsþróun hvað varðar nýtingu stafrænnar tækni og sérstaklega nýtingu gervigreindar.
- **Vísindakennsla:** Mat á eigin hæfni til að efla þekkingu barna á vísindum mælist 3,35, sem er undir meðaltali grunnskóla í borginni (3,51). Hér gæti legið tækifæri til að efla dýpt eða stuðning við vísindakennslu í skólanum.
- **Kennsla í fjölmennningarlegu umhverfi:** Þótt starfsfólk telji sig almennt mælast á pari eða rétt yfir meðaltali þegar kemur að undirbúningi í vinnu með börnum með ólíkan menningar- og tungumálabakgrunn, þá er kennsla í fjölmennningarlegu umhverfi eða fjöltyngdum nemendahópi sá þáttur þar sem flestir tilgreina mesta þörf á starfsþróun.

Viðhorf foreldra

Viðhorfskönnun foreldra frá Skóla- og frístundasviði

Viðhorfskönnun var lögð fyrir í mars 2026. Í Ártúnsskóla var úrtakið 103 börn og bárust 87 svör, sem gefur gott svarhlutfall upp á 84,5%. Um 79,3% heimilanna tala eingöngu íslensku.

Helstu styrkleikar skólans

1. **Almenn líðan og öryggi nemenda:** Foreldrar eru sammála því að börnum þeirra líði vel í skólanum og að þeim finnist þau vera örugg í skólasterfinu. Alls telja um 89,6% foreldra að barninu finnist það vera öruggt.
2. **Samskipti við starfsfólk og stuðningur kennara:** Þátturinn „Góð samskipti við starfsfólk um líðan og hegðun barns“ mælist hæstur allra þátta í flokknum með 4,48 í meðaltal. Foreldrar upplifa mikinn stuðning frá kennurum og lýsa því í opnum svörum að hægt sé að ræða við alla á jafningjagrundvelli.
3. **Hvatning og framfarir í námi:** Nemendur eru hvattir til að leggja sig fram í náminu, en sá þáttur fær 4,5 í einkunn sem er hækkun á milli ára. Rúmlega 93% foreldra eru mjög eða frekar sammála þessu.
4. **Ánægja með skólaskipti:** Almennt gengu skipti á milli skólastiga vel, en 87,9% foreldra sögðu skiptin hafa gengið vel. Foreldrar sem fluttu nýlega í skólann nefna sérstaklega að skólinn hafi farið „fram úr björtustu vonum“.
5. **Gagnleg sérúrræði:** Hjá þeim börnum sem hafa fengið sérúrræði eða sérstaka aðstoð (um 34,5% hópsins) telja 89,3% foreldra að þjónustan hafi verið gagnleg (samanlagt

mjög og frekar sammála). Hrósr er gefið í opnum svörum til hegðunarráðgjafa og umsjónarkennara.

Helstu sóknarfæri

Þótt skólinn mælist almennt mjög vel og oft yfir meðaltali Reykjavíkur, sýna niðurstöðurnar nokkra þætti þar sem meðalskor er lægra eða þar sem foreldrar kalla eftir úrbótum:

- 1. Agi í skólanum:** Þátturinn „Agi í skólanum er góður“ mælist lægstur í flokknum um líðan með meðaltalið 3,60. Hér liggur skýrt tækifæri til að rýna í reglur, bekkjaranda og samræmingu á agastjórnun.
- 2. Viðbrögð við einelti:** Í spurningunni „Skólinn tekur fljótt og vel á stríðni og einelti“ er meðaltalið 3,80) og þar viljum við gera betur.
- 3. Umgjörð og samskipti í frístund:** Í opnum svörum foreldra koma fram áhyggjur sem snúa að starfsfólki í frístundastarfi. Nefnt er að starfsfólk þar sé stundum ungt og eigi erfitt með að setja mörk.
- 4. Þátttaka foreldra í markmiðasetningu:** Samkvæmt niðurstöðum mælist þátturinn „Foreldrar taka þátt í að setja námsmarkmið“ fremur lágur og hefur lækkað örlítið frá síðustu könnun. Þarna mætti auka samráð og virkja foreldra betur að hausti og nýta sérstaklega október samtöl.

Gæðaviðmið Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu fyrir grunnskóla

Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu (kafla 1.3)



Niðurstöður innra mats í kafla 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu.

Framúrskarandi var niðurstaðan í spurningum;

1. Samskipti við foreldrafélag og foreldra eru góð og gagnvirk.
9. Lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum eða fréttum.
10. Samstarf við önnur skólastig er skráð í skólanámskrá og /eða starfsáætlun.
12. Skólaráð fundar reglulega og tekur virkan þátt í stefnumótun skólans.

Mjög gott var niðurstaðan í spurningum;


2. Lítið er á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.

3. Leitað er eftir sýn og hugmyndum foreldra til að efla skólastarf.
4. Formlegar samskiptaleiðir við foreldra eru skráðar í starfsáætlun eða skólanámskrá.
7. Foreldrum er markvisst kynnt stoðþjónusta skólans og sveitarfélagsins og áherslur sem kom fram í Lögum um farsæld og Menntastefnu 2030.
8. Upplýsingar um skólastarfið berast til allra í skólasamfélaginu.
11. Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss, m.a. um verkefni nemenda, svo sem starfsnám og heimsóknir.
13. Markvisst samstarf er um frístundastarf og/eða starfsemi félagsmiðstöðvar.
15. Skólinn heldur fræðslufund að hausti fyrir skólaráð og aðra fulltrúa sem gegna trúnaðarstörfum í stjórnnum og ráðum skólans. (t.d. nemendaráð/félag, stjórn foreldrafélags og skólanefnd ef við á.)

Gott var niðurstaðan í spurningum;

5. Stjórnendur efna reglulega til formlegra og óformlegra funda með foreldrum.
6. Skólastjóri kynnir foreldrum sameiginlega ábyrgð á jákvæðum skólabrag sbr. reglugerð.

Skipulag náms (kafla 2.4)



Niðurstöður innra mats í kafla 2.4 Skipulag náms

Framúrskarandi var niðurstaðan í spurningum;

2. Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu í teymisvinnu.
10. Umsjónarkennari veitir nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara.

Mjög gott var niðurstaðan í spurningum;

1. Skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða miðar að jöfnum tækifærum allra nemenda.
3. Teymiskennsla er markvisst nýtt til að skapa fjölbreyttar námsaðstæður.
5. Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð sem hluti af námi og kennslu.

6. Fjölbreytileiki er virtur og mismunandi hæfileikum nemenda og einkenum haldið á lofti.
7. Séð er til þess að nám og námsaðstæður styðji við sköpunarþörf nemenda.
8. Stuðlað er að fjölbreytni í list- og verkgreinum og vægið er jafnt þeirra á milli samkvæmt aðalnámskrá.
9. Samvinna og samstarf nemenda er markvisst þjálfað og notað í námi og kennslu.
11. Formleg leiðbeinandi samtöl fara fram á milli kennara og nemenda um nám og námsframvindu nemandans.
12. Í skólanum sést að nemendur nýta námsumhverfi á fjölbreyttan hátt til sjálfsstæðs náms eða samvinnu í námi.
13. Grenndarsamfélag skólans er markvisst nýtt í skólastarfi.
14. Nemendur hafa góðan aðgang að fjölbreyttum og vönduðum námsgögnum og nýta þau.
16. Verk nemenda eru sýnileg og eru hluti af menningu grunnskólans.

Gott var niðurstaðan í spurningum;

4. Samþætt og heildstæð verkefni eru reglulegur þáttur í námi nemenda.
15. Nemendur læra að afla upplýsinga, vega þær og meta og vinna með þær á gagnrýninn og ábyrgan hátt.
17. Skólasafnið er upplýsingaver með fjölbreyttum bókakosti, búnaði og námsgögnum.

Menntastefna Reykjavíkur

Félagsfærni

Gátlista menntastefnu Reykjavíkur í félagsfærni var svarað í bravolesson á vordögum með kennurum. Því miður vistuðust ekki niðurstöðurnar, eins og stundum áður í bravo. Og því þarf að leggja gátlistann í félagsfærni fyrir aftur næsta skólaár.

Umbótaáætlun Ártúnsskóla fyrir skólaárið 2026 - 2027

Umbótaáætlun skólans er unnin út frá því mati sem fór fram á skólaárinu auk þeirra kannana sem lagðar voru fyrir. Umbótaáætlunin gildir fyrir næsta skólaár og miðar að því að bæta úr því sem í ljós kom að betur mætti fara. Hér eru dregnir fram þeir þættir sem gefa tækifæri til umbóta og fara í umbótaáætlun.

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2026 - 2027				
Viðfangsefni/tækifæri til umbóta	Aðgerðir/ hvað gerum við?	Ábyrgð	Tímarammi	Hvernig metið/viðmið um árangur
Félagfærni - gátlisti menntastefnu Reykjavíkur	Metum aftur viðmið í félagfærni	Skólastjórnendur	Skólaárið 2026 - 2027	Metið með gátlista menntastefnu Reykjavíkur
Viðhorf nemenda til stærðfræði- og náttúrufræðináms	Efla kennslu í raungreinum og símenntun kennara í námsgreinunum. Fræðsla fyrir kennara í stærðfræði og náttúrufræði.	Skólastjórnendur og kennarar	Skólaárið 2026 - 2027	Aukin færni kennara í námsgreinunum og jákvæðari viðhorf nemenda
Kaffistofa starfsmanna	Hlýlegri kaffistofa og bætt úrval hressingar	Skólastjórnendur	Haust 2026	Metið í næstu viðhorfsskönnun starfsmanna og í starfsþróunarsamtölum
Hljóðvist	Greina nánar aðstæður og ástæður slakrar hljóðvistar og leita lausna að úrbótum	Skólastjórnendur	Skólaárið 2026 - 2027	Metið að aðgerðum loknum
Matur í mötuneyti nemenda	Aukið samráð við Skólamat og þeir upplýstir	Skólastjórnendur	Skólaárið 2026 - 2027	Metið í viðhorfsskönnunum skólaársins og vonandi

	um neikvætt viðhorf nemenda og óskir um úrbætur			verður viðhorfið jákvæðara
Bókasafn og bókakostur	Gerum bókasafn skólans meira aðlaðandi fyrir nemendur og aukum bókakost, sérstaklega fyrir nemendur á miðstigi	Skólastjórnendur og starfsmenn á bókasafni	Skólaárið 2026 - 2027	Metið í viðhorfskönnunum skólaársins
Þátttaka foreldra og nemenda í markmiðssetningu	Gera markmiðasetningu sýnilegri og markvissari með nemendum og foreldrum.	Skólastjórnendur og kennarar	Skólaárið 2026 - 2027	Bætt viðhorf nemenda og foreldra um þátttöku í markmiðasetningu